

Endurskoðun laga nr. 36/1978, um stimpilgjald

Skýrsla starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis

September 2013



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
1.1	Skipun starfshópsins	3
1.2	Verkefni og tilurð starfshópsins.....	3
2	Stimpilgjald	4
2.1	Almennt	4
2.2	Fyrri endurskoðun laga nr. 36/1978, um stimpilgjald	5
3	Tekjur og gildandi réttur.....	6
3.1	Tekjur af innheimtu stimpilgjalds.....	6
3.2	Gildissvið og framkvæmd laga nr. 36/1978, um stimpilgjald	8
3.3	Nýlegar breytingar á lögum nr. 36/1978.....	11
3.3.1	<i>Fyrstu íbúðarkaup</i>	12
3.3.2	<i>Endurfjármögnun og skilmálabreytingar lána</i>	13
3.3.3	<i>Innheimta stimpilgjalds fyrir fjárnámsendurrit, endurrit úr gerðabók um kyrrsetningu og löggeymslu</i>	13
4	Erlendur réttur	14
4.1	Norðurlöndin	14
4.1.1	<i>Noregur</i>	14
4.1.2	<i>Svíþjóð</i>	14
4.1.3	<i>Danmörk</i>	14
4.1.4	<i>Finnland</i>	15
4.2	Önnur ríki	16
4.2.1	<i>Írland</i>	16
4.2.2	<i>Bretland</i>	16
4.3	Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD)	17
4.4	Skýrslur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS).....	18
5	Mögulegar efnisbreytingar á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald	18
5.1	Heildarafnám stimpilgjalds.....	18
5.1.1	<i>Afnám stimpilgjalds af lánskjöllum</i>	19
5.1.2	<i>Afnám stimpilgjalds af skjöllum er varða eignaryfirfærslu</i>	19
5.1.3	<i>Afnám stimpilgjalds af öðrum skjöllum</i>	19
5.2	Afnám stimpilgjalds af lánskjöllum o.fl. og áhrif á tekjur	20
6	Helstu niðurstöður og tillögur	22
6.1	Almennt	22
6.1.1	<i>Nánar um stimpilgjald af skjöllum er varða eignaryfirfærslur</i>	24
6.2	Frekari tillögur til breytinga ásamt skýringum	26
6.3	Samantekt	28
7	Viðauki I – Sundurliðun á tekjum ríkissjóðs af stimpilgjöldum.....	30

1 Inngangur

1.1 Skipun starfshópsins

Fjármála- og efnahagsráðherra ákvað í maí 2012 að skipa starfshóp til að endurskoða lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, með það að markmiði að einfalda álagningu gjaldsins og framkvæmd ásamt því að skapa samkeppnishæfara umhverfi og sanngjarnari gjaldtöku án þess að skerða tekjur ríkissjóðs.

Með bréfi, dags. 15. apríl 2013, skipaði ráðherra starfshóp í samræmi við framangreint. Í hópinn voru skipaðir eftirtaldir aðilar: Margrét Ágústa Sigurðardóttir, fjármála- og efnahagsráðuneyti og jafnframt formaður hópsins, Bergþóra Sigmundsdóttir og Ingvar Haraldsson, sýslumanninum í Reykjavík, Ásta Garðarsdóttir og Þorvaldur Steinarsson, Fjársýslu ríkisins, Ásta Sólveig Andrésdóttir, Þjóðskrá Íslands, Jóna Björk Guðnadóttir og Valdemar Johnsen, Samtökum fjármálafyrirtækja. Með hópnum starfaði Davíð Steinn Davíðsson, fjármála- og efnahagsráðuneyti. Hópurinn átti að skila til ráðherra tillögum að frumvarpi um breytingar á lögum nr. 36/1978, ásamt skýrslu, 1. nóvember 2013. Með skipunarbréfi ráðherra, dags. 3. júní 2013, var verkefni starfshópsins breytt og honum falið sérstaklega að kanna leiðir til afnáms stimpilgjalda af láns skjölum ásamt því að flýta ætti skilum á tillögum að frumvarpi um breytingar á lögum nr. 36/1978, og skýrslu þar um, til 20. september 2013.

1.2 Verkefni og tilurð starfshópsins

Í lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, er kveðið á um að greiða skuli gjald af skjölum sem með beinum hætti tengjast eignaryfirfærslu eða eru grundvöllur opinberrar skráningar hérlendis. Lögin hafa tekið litlum breytingum frá setningu þeirra árið 1978 í samanburði við þær miklu breytingar sem hafa orðið á fjármálamarkaði, fasteignamarkaði og gerð skjala. Þá eru rafræn skjöl nú orðin mjög algeng í notkun en slík skjöl þekktust ekki við setningu laganna. Af þessum sökum er túlkun og framkvæmd laganna orðin nokkuð erfið og óljósari en áður. Þá hefur verið höfð uppi gagnrýni á gjaldtöku stimpilgjalds á láns skjöl þar sem gjaldtakan þyki ósanngjörn.

Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 voru þrjú ný ákvæði til bráðabirgða lögfest með lögum nr. 132/2008, um breytingu á lögum um stimpilgjald. Ákvæðin þrjú voru þess efnis að stimpilgjald var tímabundið fellt niður vegna skilmálabreytinga á fasteignaveðlánnum sem gefin voru út af einstaklingum annars vegar og hins vegar vegna nýrra veðlana sem gefin voru út vegna vanskila eða endurfjármögnunar á fasteignaveðlánnum einstaklinga. Þá var jafnframt fjórða bráðabirgðaákvæðið lögfest með lögum nr. 130/2009, um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.). Með ákvæðinu var stimpilgjald undanþegið skjölum er fólust í breytingu á skilmálum bílalána einstaklinga. Með umræddum bráðabirgðaákvæðum var um tímabundna aðgerð að ræða með það að markmiði að auðvelda einstaklingum að skilmálabreyta áður þinglýstum fasteignaveðlánnum, eða gefa út ný veðlán vegna vanskila á

fasteignaveðlánnum, sem og að skilmálabreyta bílalánnum, þar sem þörf kynni að vera á því hjá fjölda einstaklinga þar sem kreppti að.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 27. júní 2012 (no. 244/12/COL) og 11. júlí 2012 (no. 290/12/COL og no. 291/12/COL), um ríkisstyrki til Íslandsbanka, Landsbanka og Arion banka leiddu til þess að enn frekari breytingar voru gerðar. ESA taldi að stimpilgjald af skjölum er vörðuðu skilmálabreytingar lána vera samkeppnishamlandi og gengi mögulega gegn fjórfrelsinu. ESA taldi íslensk stjórnvöld ekki ganga nógu langt í þessum efnum þar sem ákvæðin voru tímabundin og því voru bráðabirgðaákvæði II, III, V og VI laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, gerð varanleg með 31. gr. laga nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.). Eftir breytingarnar komu ákvæðin inn í núgildandi stimpilgjaldslög, sem ákvæði 24. gr. a. - 24. gr. d.

Í aðdraganda ákvarðana ESA skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að breyta ákvæðum laga nr. 36/1978, um stimpilgjald. Í yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda þess efnis kemur fram að ráðherra hefði í hyggju að setja saman starfshóp á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem ætti að skila skýrslu, ásamt drögum að frumvarpi, til ráðherra. Í framhaldinu ákvað ráðherra í maí 2012 að skipa starfshóp til að endurskoða lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, með það að markmiði að einfalda álagningu gjaldsins og framkvæmd ásamt því að skapa samkeppnishæfara umhverfi og sanngjarnari gjaldtöku án þess að skerða tekjur ríkissjóðs.

Með bréfi, dags. 15. apríl 2013, var starfshópur undir forystu fjármála- og efnahagsráðuneytisins skipaður í samræmi við framangreint og átti hópurinn að ljúka störfum 1. nóvember 2013. Með skipunarbréfi ráðherra, dags. 3. júní 2013, var verkefni starfshópsins breytt þannig að honum var falið sérstaklega að skoða leiðir til að afnema stimpilgjald af lánskjöllum. Skila átti tillögum að frumvarpi um breytingar á lögum nr. 36/1978, ásamt skýrslu, til ráðherra eigi síðar en 20. september 2013.

Þá ályktaði Alþingi þann 28. júní 2013 að fela ríkisstjórninni að fylgja eftir aðgerðaáætlun í tíu liðum til þess að taka á skuldavanda heimila á Íslandi. Í 9. lið aðgerðaáætlunar segir að stimpilgjöld af lánskjöllum verði endurskoðuð og stefnt verði að afnámi stimpilgjalda vegna kaupa einstaklinga á húsnæði til eigin nota. Þá segir að frumvarp verði lagt fram á haustþingi 2013 og sé vinna þess á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðuneytis.

2 Stimpilgjald

2.1 Almenn

Stimpilgjald má rekja til 16. aldar þegar Spánn hóf innheimtu gjaldsins vegna hinna ýmsu löggerninga. Á 17. öld fylgdu önnur ríki í kjölfarið, t.d. var gjaldið tekið upp í Hollandi árið 1624, Frakklandi árið 1654, Danmörku árið 1657 og Prússlandi árið 1682. Hérlandis var ákvæði um stimpilgjald fyrst lögfest, að danskri fyrirmynd, árið 1918. Ný lög um stimpilgjald voru sett á árinu 1921 og giltu þau að stofni til fram til ársins 1978.

Fram að setningu nógildandi laga voru heildarfrumvörp um stimpilgjald lögð fram á Alþingi bæði á árinu 1952 og 1953 en þau náðu ekki fram að ganga.

Í athugasemdum við frumvarp til laga nr. 75/1921, um stimpilgjald, segir:

„Stimpilgjaldið er víða notað, ekki eingöngu til þess að ná gjaldi af verðbrjefum og ýmsum skjölum, heldur einnig sem handhægt meðal til að ná inn tollum og ýmsum sköttum, einkum af munaðarvörum. En algengast er þó, að telja og láta stimpilgjaldið vera gjald af viðskiptum manna á meðal, viðskiptum, sem eru svo áriðandi, að þau eru rituð í sönnunarskyni, og innan þeirra vjebanda er frv, það, er hjer liggur fyrir.“

Ráðuneytið hefur í úrskurðum sínum og umburðarbréfum til sýslumanna talið að orðalag umræddra athugasemda verði ekki túlkað svo þröngt að eingöngu sé átt við bréf er varði viðskipti. Ráðuneytið hefur tekið fram að stimpilgjaldið geti verið af ýmsum hlutum en hins vegar sé algengast að um ræði gjald af viðskiptum.¹

Árið 1977 fór fram heildarendurskoðun á lögnum og að þeirri endurskoðun lokinni var frumvarp lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977-78. Frumvarpið var samþykkt og varð að lögum nr. 36/1978. Með lögnum voru gerðar breytingar sem fólust aðallega í því að ákvæði eldri stimpilgjaldslaga voru aðlöguð breyttum aðstæðum, eldri lög einfölduð og framkvæmd laganna gerð auðveldari. Umræddar breytingar náðu fyrst og fremst til ákvæða um gjaldtökuna sjálfa, þ.e. fyrirmæla um gjaldstofn og gjaldstig. Mikilvægasta breytingin laut að stimplun eignarheimilda fyrir fasteignum. Fram að gildistöku laganna hafði gjaldstofninn miðast við kaupverð fasteigna, ef það lá fyrir á annað borð, en annars við fasteignamat eignar. Ástæðan fyrir lagabreytingunni var m.a. sú að fasteignamatverð var á þessum tíma alla jafna nokkru lægra en markaðsverð fasteigna og völdu langflestir kaupendur að þinglýsa ekki kaupsamningum um fasteignir heldur aðeins afsölum þar sem söluverð kom ekki fram. Slíkt hafði í för með sér verulega skerðingu á réttaröryggi fasteignakaupenda þar sem þeir áttu á hættu að skuldheimtumenn seljanda, eða viðsemjendur hans, útrýmdu eða skertu rétt kaupenda.

2.2 Fyrri endurskoðun laga nr. 36/1978, um stimpilgjald

Frá gildistöku nógildandi stimpilgjaldslaga hafa verið gerðar breytingar á einstökum ákvæðum laganna. Í því sambandi má sérstaklega nefna breytingar er lutu að samræmingu vegna gjaldmiðilsbreytingarinnar árið 1980, sbr. lög nr. 82/1982, og svo lækkun stimpilgjalds af hlutabréfum úr 2% í 0,5%, sbr. lög nr. 131/1989. Á árinu 1995 skilaði starfshópur, sem ráðherra hafði skipað, skýrslu um endurskoðun laganna ásamt drögum að frumvarpi til nýrra laga. Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á 122.

¹ Ekki verður séð að unnt sé að túlka þetta orðalag þannig að það útiloki stimpilgjald á önnur bréf en þau bréf sem tengjast beint viðskiptum, enda eru í nógildandi stimpilgjaldslögum nokkur ákvæði um stimpilgjald á bréf sem ekki er hægt að segja að tengist viðskiptum með beinum hætti. Má þar nefna 2. mgr. 5. gr. laganna, en þar er fjallað um stimpilskyldu endurrita af sáttum og notarialgerðum. Þá má einnig benda á 5. mgr. 16. gr. laganna sem fjallar um stimpilskyldu útdráttu úr embættisbókum, vottorð embættismanna, félaga eða einstakra manna í ákveðnum tilvikum. Auk þess má færa fyrir því rök að í ýmsum tilvikum sé fjárnám bein afleiðing tiltekinna viðskipta.

löggjafarþingi 1997-98 en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið fólst m.a. í rýmkun gjaldskyldu, sem var sérstaklega gagnrýnd, enda á þeim tíma talin skerða samkeppnishæfni innlendra bankastofnana á alþjóðamarkaði.

Á árunum fyrir síðustu aldamót átti sér stað bylting á íslenskum fjármálamarkaði eftir að hömlum á frjálsu flæði fjármagns milli landa var aflétt. Í ljósi þeirrar þróunar sem fjármagnsflæðinu fylgdi ákvað ráðherra að skipa nefnd til að endurskoða núgildandi stimpilgjaldslög með það að markmiði að draga úr mismunun á gjaldtökunni, bæði milli mismunandi lánsforma og gagnvart erlendum samkeppnisaðilum. Jafnframt skyldi hugað að einföldun í málsmeðferð gjaldtökunnar. Nefndin lauk störfum þann 30. maí 2001 og voru meginniðurstöður hennar að halda áfram töku stimpilgjalds í svipaðri mynd og verið hafði þó þannig að þeim tegundum skjala sem stimpilgjald var innheimt af yrði fækkað og að gjaldtöku þeirra skjala er eftir stæðu yrði breytt. Frumvarp til nýrra heildarlaga um stimpilgjald var lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002 en náði ekki fram að ganga.


Í ljósi þess að álitamálum um stimpilgjaldið hafði fjölgað, auk þess sem borið hafði á ósamræmi í gjaldtöku milli sýslumannsembættu og annarra innheimtuaðila gjaldsins, þá ákvað ráðherra að skipa í nóvember 2009 starfshóp um gerð verklagsreglna við innheimtu stimpilgjalda. Hlutverk starfshópsins var að gefa út samræmdar vinnureglur um framkvæmd stimpilgjaldslaga til að ná fram einfaldari og réttlátari stjórnsýslu. Hópurinn lauk störfum með útgáfu handbókar, um verklagsreglur við innheimtu stimpilgjalda, í janúar 2012.

3 Tekjur og gildandi réttur

3.1 Tekjur af innheimtu stimpilgjalds

Á síðustu tveimur áratugum hafa tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi að jafnaði numið um 0,5% af vergri landsframleiðslu (VLF). Tekjurnar jukust verulega í aðdraganda efnahagsáfallsins haustið 2008 í takt við aukin umsvif efnahagslífsins og náðu hámarki árið 2007 eða ríflega 0,9% af VLF. Á árunum eftir hrun hafa tekjurnar lækkað verulega, eins og sjá má á mynd I, og nema þær nú um 0,2% af VLF.


Mynd I. Tekjur af innheimtu stimpilgjalds 2004-2012.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Á grundvelli núgildandi laga hefur stimpilgjaldið að mestu verið ákvarðað í þinglýsingarkerfinu en innheimt í gegnum tekjubókhaldskerfi ríkissins. Árið 2012 voru um 80% innheimtra tekna ákvarðaðar í þinglýsingarkerfinu, 12% í tekjubókhaldskerfi ríkissins og 6% af fjármálafyrirtækjum og 2% af váttryggingafyrirtækjum í gegnum aðalbókhald ríkissins. Hlutdeild fjármálafyrirtækja í innheimtu gjaldsins hefur lækkað verulega frá efnahagsáfallinu 2008, eða úr tæplega 20% árið 2007 niður í 6% árið 2012. Á mynd II má sjá sögulega skiptingu innheimtunnar frá árinu 2004 til ársins 2012. Hlutföllin eru reiknuð sem einfalt meðaltal skiptingarinnar á tímabilinu.

Mynd II. Söguleg skipting innheimtu stimpilgjalds 2004-2012.



Í töflu I má sjá nákvæma sundurliðun á innheimtu stimpilgjalda árið 2012. Í viðauka I má enn fremur sjá ítarlega sundurliðun á öllum tekjum ríkissjóðs af stimpilgjöldum frá 2004.

Tafla I. Innheimta stimpilgjalds 2012.²

Gjaldflokkar	kr.
Skjöl er varða eignaryfirfærslur	1.151.942.952
Skuldabréf	1.461.015.410
Tryggingarbréf	396.199.885
Skulda- og tryggingarbréf ³	201.860.314
Afurðarlán	8.171.150
Aðfarargerðir, kyrrsetningargerðir og löggeymsla	38.159.475
Kaupmálar	2.397.654
Skjöl er varða skilmálabreytingar lána ⁴	10.621.628
Vátryggingarskjöl	53.125.643
Félagssamningar	547.880
Óskilgreint	46.952.130
Endurgreitt stimpilgald	- 18.251.019
Samtals:	3.352.787.102

Af framangreindu er ljóst að tekjur stimpilgjalds af lánesskjölum (*skuldabréf, tryggingarbréf, afurðalán, víxlar, samþykktar ávísanir og skjöl er varða skilmálabreytingar lána*) nema alls 2,07 ma.kr. Þá nema tekjur stimpilgjald af skjölum er varða eignaryfirfærslur alls 1,15 ma.kr. Tekjur stimpilgjalds af öðrum skjölum en lánesskjölum eða þeim er varða eignaryfirfærslur eða alls 0,14 ma.kr.

3.2 Gildissvið og framkvæmd laga nr. 36/1978, um stimpilgjald

Í nógildandi stimpilgjaldslögum er m.a. kveðið á um stimpilskyldu skjala en með því er átt af hvaða skjölum er skylda að greiða af stimpilgjald. Í I. kafla laganna er að finna almenn ákvæði varðandi stimpilgjald og stimpilskyld skjöl og fram kemur í 3. gr. laganna að þau skjöl sem ávallt séu stimpilskyld samkvæmt lögnum séu eftirfarandi:

- Afsöl fyrir fasteignum hér á landi og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum;
- Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti hér á landi, nema sannað sé að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér;
- Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér landi;
- Skjöl sem þinglýst er hér á landi eða eru grundvöllur fyrir skráningu í opinbera skrá hér á landi.

Enn fremur segir í 4. gr. laganna að enda þótt skjal falli ekki undir ákvæði 3. gr. þá sé það stimpilskyld ef allir aðilar þess eru heimilisfastir hér á landi. Ákvæðið er nokkuð rúmt orðað samkvæmt efni sínu og er um að ræða skjöl sem alla jafna berast ekki til þinglýsingar en eru engu síður stimpilskyld skjöl. Samkvæmt nógildandi lögum eru því

² Lánesskjöl eru skáletruð.

³ Stimpilgjald sem var innheimt af fjármálafyrirtækjum og ekki er unnt að greina hvort um skulda- eða tryggingarbréf ræðir.

⁴ Um ræðir skjöl sem falla ekki undir undanþágur 24. gr. a.-d. gildandi laga.

samningar sem gerðir eru um kaup á t.a.m. fasteign erlendis stimpilskyldir og ber því að greiða af slíkum skjölum stimpilgjald. Skilyrði 4. gr. er að allir aðilar að samningnum séu heimilisfastir hér á landi en nokkuð óljóst er hvað átt sé við með orðinu heimilisfesti samkvæmt ákvæðinu. Þá segir í Verklagsreglum um innheimtu stimpilgjalda að heimilisfesti beri ekki endilega að túlka þannig að um lögheimili sé að ræða en meginforsendan sé búseta viðkomandi hér á landi. Þá er að finna mikilvægt ákvæði í 5. gr. laganna en það á að sporna við sniðgöngu á greiðslu stimpilgjalds. Ákvæðið kveður á um að stimpilskylda skjals fari eftir þeim réttindum er það veitir en eigi nafni þess eða formi. Þar af leiðandi ræðst greiðsla stimpilgjalds og stimpilskyldan af því hvert efni skjalsins er en ekki af formi þess. Ákvæði 8. gr. kveður á um breytingar á þegar stimpluðum skjölum en í framkvæmd er aðallega um að ræða skilmálabreytingar á veðskjölum.

Í II. kafla laganna er að finna ákvæði er lúta að greiðslu stimpilgjaldsins, stimplun skjala og endurskoðun á ákvörðun um gjaldið. Í 10. gr. kemur fram að greiðsla stimpilgjalds skuli staðfest með því að líma stimpilmerki á skjalið og að fenginni heimild ráðuneytisins sé heimilt að ákveða í stað stimpilmerkja megi staðfesta greiðslu gjaldsins með ástimplun stimpilmerkjavélar, notkun stimpils eða með annarri áletrun á hið stimpilskylda skjal. Þó svo að meginreglan sé sú að staðfesta skuli greiðslu stimpilgjalds með álímdu stimpilmerki á skjalið, sbr. 1. mgr. 10. gr., þá er framkvæmdin sú að oftast er notuð stimpilmerkjavél við stimplun skjala. Skjal sem er samkvæmt efni sínu stimpilskyldt en er engu að síður undanþegið stimpilgjaldi (*stimpilfrjálst*), t.d. veðskuldabréf sem tekið er vegna fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði, ber að stimpla með núll krónum þannig að unnt sé að sýna fram á að tekin hafi verið afstaða til þess að skjalið beri ekki stimpilgjald.

Í ákvæði 11. gr. er fjallað um tímamark stimplunar, þ.e. hvað megi líða langur tími uns skjal er stimplað, en meginreglan er að skjal skuli stimplað áður en tveir mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi. Við túlkun ákvæðisins skal líta til 8. gr. stjórnáskilslags nr. 37/1993 en þar er að finna meginreglu um útreikning frests. Ákvæði 12. gr. fjallar um innheimtuaðila stimpilgjalds og segir sérstaklega í 1. mgr. 12. gr. að opinberir starfsmenn, sem ráðuneytið felur stimplun skjala, eru skyldir til að stimpla skjöl, sem þeir gefa út eða afgreiða, án endurgjalds fyrir stimplunina. Þá segir einnig í ákvæðinu að bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla skjöl er um hendur þeirra fara og skulu þeir inna stimplunina af hendi endurgjaldslaust, sbr. 2. mgr. 12. gr. Í 3. mgr. er að finna heimildarákvæði þar sem ráðuneytinu er heimilt að veita einstökum mönnum, félögum eða stofnunum rétt til stimplunar skjala enda sé fullnægt þeim skilyrðum um reikningshald, bókfærslu gjaldsins og aðra framkvæmd sem það kann að setja. Vert er að taka fram að ráðuneytið hefur eingöngu veitt *vátryggingarfélögum* þessa heimild.

Í ákvæði 13. gr. er lögð sú skylda á innheimtuaðila gjaldsins að hin stimpilskylda fjárhæð hvers skjals sé rétt tilgreind auk þess að unnt er að krefja þá sem stimplunar beiðast allra nauðsynlegra skýringa. Í 2. másl. 13. gr. er að finna heimild til að kæra ákvörðun um stimpilgjald til æðra stjórnvalds, þ.e. ráðuneytisins, sem fer þá með

endanlegt úrskurðarvald á stjórnarsýslustigi. Uni hlutaðeigandi ekki úrskurði ráðuneytisins þá getur sá hinn sami lagt málið fyrir dómstóla.

Í 1. másl. 1. mgr. 14. gr. segir að stimpilmerki eða aðra staðfestingu um greiðslu stimpilgjalds, sem færð hefur verið á fullgild skjöl, er óheimilt að má af þeim aftur. Þó hefur ráðuneytið heimild til að endurgreiða stimpilgjald þegar skjal er annað hvort ógilt með öllu að lögum og eigi verður af því að það réttarástand skapist sem skjalið ráðgerði, sbr. 2. másl. 1. mgr. Fáttítt er að skjöl verði talin að öllu ógild með lögum en hins vegar reynir oft á síðara skilyrðið, t.d. þegar kaupsamningi, sem þegar hefur verið stimplaður, er rift vegna forsendubrests eða þegar lánsaskjal er ekki keypt af banka. Í ákvæðinu segir að það sé einungis á færi ráðuneytisins að ákvarða um endurgreiðslu en með umburðarbréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 3. september 1993, þá var sýslumönnum falið að endurgreiða stimpilgjöld þegar stimplað skjal skapar ekki þau réttaráhrif sem ætlunin var í upphafi eða þegar skjalið var af vangá stimplað of hátt. Gildir umburðarbréfið enn þann dag í dag og hafa því sýslumenn heimild til endurgreiðslu stimpilgjalds en leiki vafi á hvort endurgreiðsla skuli fara fram þá skal ráðuneytið taka ákvörðun um hana. Í 3. mgr. 14. gr. er að finna ákvæði um tímamark endurgreiðslunnar en endurgreiðsla má aðeins fara fram hafi hún borist ráðuneytinu áður en tvö ár eru liðin frá útgáfu þess skjals sem beiðnin varðar. Heimilt er að víkja frá þessum fresti ef sérstaklega stendur á. Í lok II. kafla laganna er síðan að finna fyrningarákvæði fyrir greiðslu stimpilgjalds, sbr. 15. gr. laganna, en krafa um stimpilgjald fyrnist almennt á 5 árum en á 4 árum eigi opinber starfsmaður sök á því að skjal hafi ekki verið stimplað.

Í III. kafla er fjallað um stimpilgjald einstakra skjala Í 1. mgr. 16. gr. kemur fram að fyrir stimplun eignarheimilda fyrir fasteignum og skipum yfir 5 brúttótonnum skuli greiða 4 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af verði viðkomandi eignar. Sama gildir um afsöl við aðfarargerðir, búskipti og nauðungarsölur svo og önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og þau erfðafestubréf sem veita rétt til að selja eða veðsetja. Ákvæði 2. mgr. 16. gr. er undanþáguákvæði frá þeirri almennu reglu 1. mgr. að greiða skuli 4 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af verði viðkomandi eignar. Samkvæmt undanþágunni ber að lækka stimpilgjaldið í hlutfalli við eignarhluta framseljanda í hlutafélagi, þegar fasteign er afsalað hlutafélaginu og afsalsgjafi gerist eignaraðili að hlutafélaginu eða eykur eignarhlut sinn í því. Með félagi er samkvæmt ákvæði 2. mgr. 16. gr. átt við hlutafélag eða sameignarfélag. Þá er að finna í 16. gr. frekari ákvæði þegar fasteign eða skipi er úthlutað félagsmanni í hluta- eða sameignarfélagi við félagsslit, þegar fasteign eða skip er selt veðhafa við nauðungarsöl o.s.frv.

Í 1. mgr. 17. gr. segir að stimpilgjald af heimildarbréfum fyrir fasteignum telst eftir fasteignamati þeirra að leigulód meðtalinni. Í ákvæðinu er að finna sérreglu um útreikning stimpilgjalds þegar fasteignamat hefur ekki farið fram, sbr. einnig reglugerð nr. 622/2004, um útreikning stimpilgjalds af heimildarbréfum fyrir fasteignum. Þá er í 2. mgr. 17. gr. kveðið á um útreikning stimpilgjalds af heimildarbréfum fyrir skipum.

Í 18. gr. er að finna ákvæði sem kveður á um að þegar kaupsamningur er stimplaður þá er afsalsbréf til sama kaupanda stimpilfrjálst sem vísar til þess að aðeins skuli greiða stimpilgjald einu sinni vegna hverrar sölu. Þá fjallar ákvæði 19. gr. um framseldar eignarheimildir og ákvæði 20. gr. kveður á um að fyrir stimplun leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjala um veiðiréttindi og skjala sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eigna skuli greiða 20 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af áskilinni leigu eða endurgjaldi. Ákvæði 21. gr. fjallar um stimplun hlutabréfa, sem gefin eru út af félögum með takmarkaða ábyrgð, en vegna slíkra bréfa skal greiða ½% stimpilgjald af fjárhæð bréfanna. Þá er í 2. mgr. 21. gr. kveðið á um þegar aðilar beiðast gjaldfrjálsrar stimplunar. Í ákvæði 1. mgr. 23. gr. segir að félagssamningar félaga með ótakmarkaðri ábyrgð skulu stimplaðir með 2% af því fé sem í félagið er lagt. Ákvæðið tekur m.a. til sameignarféлага og samlagsféлага. Í öðrum málsgreinum ákvæðisins er að finna undanþágur frá meginreglu 1. mgr. 23. gr.

Ákvæði 24. gr. kveður á um stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa og samkvæmt ákvæðinu skal greiða 15 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð. Sama gjald skal greiða fyrir stimplun aðfarargerða, kyrrsetningargerða og löggeymslu þegar endurritum úr gerðabók um þessar gerðir er þinglýst. Fyrir stimplun annarra skuldabréfa og tryggingarbréfa skal greiða 5 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs. Í 2. mgr. 24. gr. er fjallað um stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa vegna afurðalána en fyrir slík skjöl skal stimpilgjaldið nema 3 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.

Í ákvæðum 24. gr. a. til 24. gr. d. er að finna undanþágur frá greiðslu stimpilgjalds, sbr. umfjöllun í kafla 3.3. Í 25. gr. er að finna reiknireglur um greiðslu stimpilgjalds þegar um ræðir væntanlega eða óákveðna skuld, í 26. gr. er fjallað um stimpilgjald þegar skuld er endurnýjuð og í 27. gr. er fjallað um stimplun víxla og samþykktara ávísana, sbr. einnig 28. gr. Í 29. gr. kemur fram að framsal á skuld sé stimpilfrjálst og í ákvæði 30. gr. og 31. gr. er fjallað um stimpilgjald af váttryggingarsamningum og kaupmálum.

Í IV. kafla laganna er að finna ýmis ákvæði varðandi stimpilgjald, svo sem þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, hvernig skuli fara með samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala o.s.frv. Með ákvæði 34. gr. er m.a. sú skylda lögð á innheimtuaðila stimpilgjaldsins að hafa gætur á lögin séu haldin og kæra brot er þeir verða áskynja um. Þá er í ákvæði 35. gr. talin upp þau skjöl sem eru stimpilfrjáls ásamt því að í 35. gr. a. er að finna undanþáguákvæði stimpilgjalds af skuldabréfum og tryggingarbréfum, sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði einstaklings, sbr. frekari umfjöllun í kafla 3.3. Í ákvæði 36. gr. er kveðið á um álag vegna vangoldins stimpilgjalds, í 37. gr. er að finna refsingarákvæði vegna brota á lögnum og í 38. gr. er að finna gildisákvæði laganna.

3.3 Nýlegar breytingar á lögum nr. 36/1978

Undanfarin ár hafa verið gerðar breytingar á núgildandi stimpilgjaldslögum og ekki síst eftir efnahagsáfallið haustið 2008. Þá var t.a.m. stimpilgjald lagt af tímabundið vegna skjala er kváðu á um skilmálabreytingar á lánaviðskiptum einstaklinga og lánnum til

endurfjármögnunar. Sumarið 2008 var lögunum breytt þar sem stimpilgjald á fasteignaveðláni, útgefnu í tengslum við fyrstu kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði, var afnumið.

3.3.1 Fyrstu íbúðarkaup

Frumvarp var lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008 þess efnis að stimpilgjald af fasteignaveðláni, sem tekið var vegna fyrstu fasteignakaupa einstaklinga, yrði afnumið. Frumvarpið varð að lögum nr. 59/2008, um breytingu á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald, með síðari breytingum. Með frumvarpinu var lagt til að skuldabréf og tryggingarbréf skv. 1. mgr. 24. gr. stimpilgjaldslaga, sem tryggð væru með veði í fasteign og gefin væru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði, skyldu vera undanþegin stimpilgjaldi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum. Kom þannig inn nýtt ákvæði 35. gr. a. í lög nr. 36/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 59/2008.

Skilyrðin fyrir því að skuldabréf og tryggingarbréf, sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði einstaklings, séu undanþegin stimpilgjaldi skv. 1. mgr. 35. gr. a. eru talin upp í a- til c-lið 2. mgr. 35. gr. a. Hin sértæku skilyrði eru eftirfarandi:

- a. að kaupandi íbúðarhúsnæðis, og skuldari samkvæmt hinu stimpilfrjálsa skjali, hafi ekki áður verið skráður þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæði;
- b. að kaupandi íbúðarhúsnæðis, og skuldari samkvæmt hinu stimpilfrjálsa skjali, skal vera þinglýstur eigandi að a.m.k. helmingi eignarhluta í þeirri fasteign sem keypt er;
- c. að sú lánsfjárhæð sem fram kemur í hinu stimpilfrjálsa bréfi skuli einvörðungu ætluð til fjármögnunar kaupa á viðkomandi fasteign.

Varðandi fyrsta skilyrðið þá er leitast eftir því að tryggja að um *fyrstu íbúðarkaup* viðkomandi sé að ræða. Þinglýstum eigendum er flett upp í þinglýsingarkerfi til að kanna framangreint. Varðandi annað skilyrðið, um að viðkomandi hafi ekki áður verið skráður þinglýstur eigandi, þá er skilyrðið óháð því hvernig viðkomandi einstaklingur eignaðist hina eldri fasteign (kaup, erfðir, gjöf o.s.frv.) og að sama skapi skiptir eignarhlutur viðkomandi í þeirri fasteign ekki máli. Þá eru heldur ekki takmörk á því hversu langt aftur í tíma þetta skilyrði nær. Gerð er krafa í b-lið 2. mgr. um *lágmarkseignarhlut* en skilyrðið fyrir niðurfellingu stimpilgjalds á grundvelli undanþáguákvæðisins er að kaupandi fasteignar sé þinglýstur eigandi að a.m.k. helmings eignarhluta (50%) í hinni keyptu fasteign. Auðvelt er að sýna fram á hversu hár eignarhlutur hinnar keyptu fasteignar er þar sem það kemur fram í kaupsamningi eða afsali.⁵ Þriðja skilyrðið, sbr. c-lið 2. mgr., er að sú lánsfjárhæð sem fram kemur í hinu stimpilfrjálsa skjali sé *einvörðungu* ætluð til fjármögnunar kaupa á viðkomandi fasteign. Þannig getur niðurfelling stimpilgjalds aldrei tekið til hærri fjárhæðar en sem nemur kaupverði fasteignar og ætti samanburður á kaupsamningi eða afsali og skuldabréfi að leiða í ljós hvort þetta skilyrði sé uppfyllt.

⁵ Með afsali er átt við einhliða yfirlýsingu seljanda eignar um fyrirvaralausla yfirfærslu eða framsal hins beina eignarréttar að fasteign til kaupanda. Með kaupsamningi er átt við gagnkvæman samning þar sem annar samningsaðilinn, seljandi, lætur af hendi eða lofar að láta af hendi einhverja eign til gagnaðilans, kaupanda, en kaupandi greiðir eða lofar að greiða seljanda peninga sem endurgjald fyrir hið selda.

Gert er að skilyrði að kaup einstaklings á íbúðarhúsnæði sé *til eigin nota* þannig að fasteignin sé ekki keypt í þeim tilgangi að leigja áfram og hafa af henni leigutekjur. Frekari skilyrði fyrir niðurfellingunni og framkvæmd hennar er að finna í 4. – 9. mgr. 35. gr. a.

3.3.2 Endurfjármögnun og skilmálabreytingar lána

Stimpilgjald af lánaviðskiptum er innheimt á grundvelli nógildandi stimpilgjaldslaga og fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa, þegar skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, skal greiða 15 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs, sbr. 1. mgr. 24. gr. laganna. Í lokamálslið 1. mgr. 24. gr. segir að fyrir stimplun annarra skuldabréfa og tryggingarbréfa skuli greiða 5 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs. Í 2. mgr. er að finna ákvæði fyrir stimplun skuldabréfa og tryggingarbréfa vegna afurðarlána eða iðnaðar þar sem segir að greiða skuli 3 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs.

Með breytingarlögum nr. 132/2008, um breytingu á lögum nr. 36/1978, voru lögfest þrjú bráðabirgðarákvæði sem undanþágu greiðslu stimpilgjalds samkvæmt nógildandi ákvæði 24. gr. stimpilgjaldslaga. Þá var jafnframt með lögum nr. 130/2009, um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.), fest í lög nr. 36/1978, um stimpilgjald, fjórða bráðabirgðaákvæðið er kvað á um niðurfellingu stimpilgjalds vegna skilmálabreytinga bílalána hjá einstaklingum. Í kjölfar ákvarðana ESA frá 27. júní 2012 (no. 244/12/COL) og 11. júlí 2012 (no. 290/12/COL og no. 291/12/COL), um ríkisstyrki til Íslandsbanka, Landsbanka og Arion banka, voru bráðabirgðaákvæði II, III, V og VI laga nr. 36/1978 gerð varanleg með 31. gr. laga nr. 146/2012, um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.). Eftir breytingarnar komu ákvæðin inn í nógildandi lög sem ákvæði 24. gr. a. - 24. gr. d.

3.3.3 Innheimta stimpilgjalds fyrir fjárnámsendurrit, endurrit úr gerðabók um kyrrsetningu og löggeymslu

Með lögum nr. 168/2008, um breytingu á lögum nr. 36/1978, með síðari breytingum, kom með 1. gr. laganna inn nýr málsliður á eftir 1. másl. 1. mgr. 24. gr. nógildandi stimpilgjaldslaga. Ákvæði 1. gr. breytingarlaganna kvað á um að sama gjald skyldi greiða fyrir stimplun aðfarargerða, kyrrsetningargerða og löggeymslu þegar endurritum úr gerðabók um þessar gerðir væri þinglýst. Undanfari umræddrar lagasetningar var álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4712/2006 þar sem kom fram að vafi léki á heimild til innheimtu stimpilgjalds fyrrnefndra gerða. Vegna framkomins álits umboðsmanns, sbr. einnig ákvæði 40. gr. og 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, þótti rétt að taka af öll tvímæli um heimildir í lögum til innheimtu stimpilgjalds af fjárnámsendurritum, endurritum kyrrsetningargerða og löggeymslu. Var því með lögum styrkari lagastoð skotið undir heimild til innheimtu stimpilgjalds á endurrit úr gerðabók er varða þessa gjörninga.

4 Erlendur réttur

4.1 Norðurlöndin

4.1.1 Noregur

Í Noregi er stimpilgjald lagt á eignaryfirfærslur fasteigna og nemur gjaldið 2,5% af kaupverði eða markaðsverði fasteignar á þeim tímapunkti sem viðskiptin fara fram. Sama hlutfall stimpilgjalds skal greiða hvort sem gjaldandinn er lögaðili eða einstaklingur. Miðað er við að stimpilgjaldið sé greitt af kaupverði fasteignar en teljist kaupverðið ekki sennilegt þá er heimilt að miða við markaðsverð viðkomandi eignar. Nokkrar eignaryfirfærslur fasteigna eru undanþegnar stimpilgjaldi í Noregi, einkum viðskipti sameignarfélaga með fasteignir.

4.1.2 Svíþjóð

Í Svíþjóð er 4,25% stimpilgjald lagt á eignaryfirfærslur fasteigna sem og lóðarleiguréttinda þegar kaupandi eða leigutaki er lögaðili en 1,5% stimpilgjald þegar kaupandi eða leigutaki er einstaklingur. Þá er 2% stimpilgjald lagt á skuldabréf tryggð með veði í fasteign hjá einstaklingum en 1% stimpilgjald lagt á önnur veðskuldabréf. Falla má frá greiðslu gjaldsins ef fasteignir eru færðar milli tengdra fyrirtækja.

4.1.3 Danmörk

Með lögum nr. 382/1999, um þinglýsingar- og skráningargjöld, (*“Lov om afgift af tinglysning og registrering af ejer- og panterrettigheder m.v.”*) var hugtakið stimpilgjald að mestu leyti fellt niður og þess í stað er talað um skráningargjald í Danmörku. Lögin tóku gildi 1. janúar 2000 og komu í stað eldri laga um stimpilgjald að því undanskildu að stimpilgjaldalögin gilda enn um tryggingarskjöl. Samkvæmt fyrirnefndum lögum um þinglýsingar- og skráningargjöld fer gjaldtakan fram í formi skráningargjalds og er greitt fast gjald, þinglýsingargjald, af öllum skjölum sem lögð eru til þinglýsingar. Fasta þinglýsingargjaldið nam 1.400 dkr. til 30. júní 2013 en hækkaði upp í 1.660 dkr. þann 1. júlí 2013. Umrætt gjald er greitt vegna ákveðinna tegunda skjala og er síðan hlutfallslegt skráningargjald, sambærilegt stimpilgjaldi, greitt eftir tegundum skjala. Vegna eignaryfirfærslu fasteigna er skráningargjaldið 0,6% af verði eignar en 0,1-0,6% skráningargjald af verði skipa. Þá er greitt 1,5% skráningargjald, ásamt föstu þinglýsingargjaldi, af veðskjölum. Sjá *töflu II* til frekari skýringar.

Tafla II. Skráningar- og þinglýsingargjald í Danmörku.

Tegundir skjala	2012	Til 30. júní 2013	Frá 1. júlí 2013
Skjöl vegna:			
- eignaryfirfærslu	0,6% + 1.400 dkr.	0,6% + 1.400 dkr.	0,6% + 1.660 dkr.
- eignaryfirfærslu eigna erlendis.	0 dkr.	0 dkr.	0 dkr.
Skjöl vegna veða í fasteign, lausafjár og óáþreifanlegra réttinda:			
-af upphæð veðsins;	1,5% + 1.400 dkr.	1,5% + 1.400 dkr.	1,5% + 1.660 dkr.
-veðbréf.	1.400 dkr.	1.400 dkr.	1.660 dkr.
Skráning á eignarhaldi:			
-af hinni tryggðu fjárhæð.	1,5% + 1.400 dkr.	1,5% + 1.400 dkr.	1,5% + 1.660 dkr.
Skráning annarra réttinda en eignarhalds og veðbanda (t.d. vegna kvaða, ítaka,			

nýtingaréttis o.s.frv.).	1.400 dkr.	1.400 dkr.	1.660 dkr.
Skráning eignarhalds á skipum. Af verðmæti eignaryfirfærslu eða markaðsvirði vegna flutnings frá erlendri til danskrar skráningar:			
-skip sem eru ekki veiði- eða verslunarskip;	0,1%		0,1%
-önnur skip og bátar (veiðiskip og skip/bátar til frístunda)	0,4%		0,4%
-skip undir fimm brúttótonum;	0 dkr.		0 dkr.
-skipasmíðavottorð (skipasmíðaskírteini).	0 dkr.		0 dkr.
Skráning vegna veðréttinda í skipi. Af hinni veðsettu upphæð:			
-veðbréf sem liggja til grundvallar skipum sem ekki eru nýtt til frístunda;	0,1%		0,1%
-veðbréf sem liggja til grundvallar skipum sem nýtt eru til frístunda og skip undir fimm brúttótonum.	1,5%		1,5%
Skráning á eignarhaldi loftfara. Af verðmæti eignaryfirfærslu eða markaðsvirði við flutning frá erlendri til danskrar skráningar.	0,1%		0,1%
Skráning vegna veðréttinda í loftfari. Af hinni veðsettu upphæð:			
-veðbréf sem liggja til grundvallar flugvélar sem er yfir 5.700 kg eða skráð fyrir fleiri en tíu farþega;	0,1%		0,1%
-veðbréf sem liggja til grundvallar flugvél sem er undir 5.700 kg eða er fyrir tíu farþegum hið mesta.	1,5%		1,5%
Álag vegna vanskila á greiðslu gjalds	5% Að lágmarki 200 dkr.	5% Að lágmarki 200 dkr.	

4.1.4 Finnland

Í Finnlandi er lagður á svokallaður eignaryfirfærsluskattur eða tilfærsluskattur (*e. transfer tax*) og skal greiða hann vegna tilflutninga eignarhluta í finnskum lögaðilum og vegna eignaryfirfærslna finnskra fasteigna. Þó svo heitið sé annað en stimpilgjald þá eru gjaldskyld skjöl mikið til þau sömu og eru í nógildandi lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald. Lagður er á 4% skattur vegna eignaryfirfærslu á fasteignum sem og leiguréttinda er varða fasteignir. Undanþága frá greiðslu skattsins er í þeim tilvikum þegar kaupandi fasteignar er einstaklingur á aldrinum 18 til 39 ára og um fyrstu kaup á fasteign er að ræða. Sala og kaup finnskra veðbréfa eru aðeins skattskyld samkvæmt framangreindu ef annað hvort seljandi eða kaupandi eða báðir eru heimilisfastir í Finnlandi, hvort heldur sem um ræðir einstaklinga eða lögaðila. Þá er lagður 1,6%⁶ skattur á markaðsvirði finnskra veðbréfa, þ.m.t. hlutabréf finnskra fyrirtækja.

⁶ Finnsk stjórnvöld lögðu til í nóvember 2012 að umrædd prósentutala yrði hækkuð úr 1,6% í 2% vegna eignaryfirfærslu hluta í fasteignafélögum. Tilgangur hækkunarinnar var m.a. að koma í veg fyrir notkun gervi mannvirkja í því skyni að lágmarka skattskyldu og til að tryggja að skatturinn sem lagður er á tilfærslu hlutabréfa og fasteigna sé álagður á jafnréttisgrundvelli. Fyrirhugað var að reglurnar tæku gildi vegna samninga sem gerðir væru 1. janúar 2013 og síðar en þær hafa ekki enn tekið gildi.

4.2 Önnur ríki

4.2.1 Írland

Á Írlandi er stimpilgjald lagt á hin ýmsu skjöl, s.s. viðskiptaskjöl, eignaryfirfærslur, leigusamninga og fasteignaveðlán. Þá er stimpilgjald einnig innheimt sem hlutfall af iðgjöldum váttryggingarskjala, kreditkorta og bankakorta. Vegna eignaryfirfærslna á hlutabréfum og verðbréfum á markaði þá er innheimt 1% stimpilgjald af því verði sem greitt er fyrir hlutina.

Vegna skjala er varða eignaryfirfærslur á landi eða byggingum er innheimt 2% stimpilgjald af verðmæti eigna, þ.e. eigna annarra en íbúðarhúsnæðis. Vegna eignaryfirfærslna íbúðarhúsnæðis er innheimt 1% stimpilgjald fyrir fyrstu €1,000,000 af kaupverði eignarinnar en 2% stimpilgjald umfram þessar €1,000,000. Frá 5. nóvember 2007 og til 8. desember 2010 voru kaup íbúðarhúsnæðis undanþegin stimpilgjaldi ef kaupverð fasteignarinnar nam €125,000 eða minna. Þá var fyrir næstu €875,000 greitt 7% stimpilgjald af fjárhæðinni og fyrir eignir þar sem kaupverðið var yfir €1,000,000 þá nam stimpilgjaldið 9%. Fyrir nóvember 2007 hafði hlutfall stimpilgjalds farið stighækkandi eftir kaupverði eigna á íbúðarhúsnæði. Því herra sem kaupverðið nam, þeim mun herra nam hlutfall stimpilgjalds, eða allt frá 3% upp í 9%. Þó var oftast lágmarkspak á kaupverði eignar uns skylda stofnaðist til greiðslu stimpilgjalds. Fram til desember 2010 var lengi vel heimild til undanþágu stimpilgjalds vegna fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði. Undanþágan var háð ýmsum skilyrðum sem voru mörg hver sambærileg hinum íslensku skilyrðum 35. gr. a. núgildandi laga.

4.2.2 Bretland

Í Bretlandi er stimpilgjald (*e. Stamp Duty Land Tax, SDLT*) lagt á eignaryfirfærslur fasteigna/landareigna sé eign keypt yfir ákveðnu verði. Stimpilgjaldið fer síðan stighækkandi eftir verðmæti þeirrar eignar sem keypt er. Hlutfall stimpilgjalds ræðst af kaupverði eignarinnar, hvort eignin sé til búsetu og loks hvort eignin sé á harðbýlu svæði eða ekki. Innheimta stimpilgjalds ræðst einnig af því hvort eignin sé til eigin nota eða verði leigð áfram.

Tafla III - Eign er íbúðarhúsnæði

Kaupverð eignar	Hlutfall stimpilgjalds af heildarkaupverði eignar
£0 - £125,000	0%
£125,001 - £250,000	1%
£250,001 - £500,000	3%
£500,001 - £1 million	4%
Yfir £1 milljón - £2 milljóna	5%
Yfir £2 milljónum	7%
Yfir £2 milljónum og kaupandi er lögaðili	15%

Kosti eign yfir £2 milljónum og sé kaupandinn ákveðin tegund af lögaðila þá ber að innheimta 15% stimpilgjald af heildarkaupverði eignar, sbr. *töflu III*.

4.3 Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD)

Saga skatta á fjármagnsfærslur er nokkuð löng í ýmsum ríkjum OECD. Í upphafi voru þessir skattar í flestum tilvikum hugsaðir sem gjaldtaka fyrir veitta þjónustu, t.d. skráningu samninga, en aukið frelsi á fjármagnsmörkuðum hefur leitt til þess að dregið hefur úr þessari skattheimtu. Í vissum tilvikum hafa umræddir skattar jafnvel verið aflagðir, t.d. í Þýskalandi og Sviss.


OECD skilgreinir stimpilgjald sem gjald sem er lagt á opinber gögn, svo sem skuldir, samninga er kveða á um eignarheimildir og framsal þeirra, vegabréf o.fl. Þá er fengin staðfesting fyrir greiðslu stimpilgjalds með því að stimpla viðkomandi skjal sem er andlag gjaldsins. Samkvæmt OECD teljast stimpilgjöld til óbeinna skatta líkt og virðisaukaskattur, söluskattur, þjónustuskattar, skráningargjöld o.s.frv.

Innheimta stimpilgjalda hefur verið útfærð á marga vegu og í flestum ríkjum er gjaldið mishátt eftir þeim tegundum skjala sem gjaldið er byggt á, t.d. mishá eftir tegundum verðbréfa eða eignayfirfærslna. Til að mynda hafa stimpilgjöld á skammtímaverðbréfum verið lægri en á verðbréfum til lengri tíma þannig að raunskatturinn komi ekki í veg fyrir viðskipti með skammtímaverðbréf. Verðbréf útgefin af ríki og ríkisstofnunum eru oftast undanþegin stimpilgjöldum og í sumum OECD-ríkjum eru ákveðnir aðilar skattlagðir vægar en aðrir. Sum verðbréfaform hafa verið undanþegin stimpilgjöldum vegna örðugleika í framkvæmd þar sem erfitt getur reynst að ákvarða viðeigandi gjaldflokka eða innheimta gjaldið. Slíkt á aðallega við um afleiður (*e. derivatives*).

OECD hefur getið þess að kostnaður við að kaupa og selja íbúðarhúsnæði geti reynst hamlandi fyrir fasteignamarkaðinn sem og hreyfanleika atvinnulífsins. Kostnaðurinn hindri þannig flæði vinnuafls milli staða þar sem fólk flytur sig síður úr vinnu ef það þarf að fjárfesta í öðru húsnæði. Þá sé kostnaður vegna fasteignaviðskipta mismunandi eftir ríkjum OECD eða allt frá rúmlega 14% af markaðsvirði eignar í Belgíu, Frakklandi og Grikklandi til minna en 4% í Danmörku og á Íslandi. Kostnaðurinn er bundinn við hinar ýmsu tegundir gjalda, s.s. stimpilgjöld, skráningargjöld, umsýslukostnað o.s.frv.

Samanburður við önnur ríki OECD leiðir í ljós að viðskiptakostnaður á Íslandi, sem hlutfall af kaupverði fasteigna, er hóflegur. Þannig er hlutfall viðskiptakostnaðar af kaupverði fasteigna um 3,5% á Íslandi. Þessi kostnaður er einungis lægri í Danmörku en meðal ríkja OECD var hlutfallið að meðaltali tæplega 8% árið 2009. Á Íslandi bera kaupendur fasteigna allan þennan kostnað en algengt er meðal ríkja OECD að hann skiptist á milli kaupenda og seljenda, sjá mynd III.

Mynd III. Viðskiptakostnaður sem hlutfall af kaupverði fasteigna 2009.



4.4 Skýrslur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS)

Í júní 2010 kom út skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um endurbætur á íslenska skattkerfinu sem unnin var að beiðni fjármálaráðherra undir yfirskriftinni *Improving the Equity and Revenue Productivity of the Icelandic Tax System*. Í henni var farið yfir tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs og gerð ítarleg grein fyrir kostum og göllum þess, auk þess sem gerðar voru tillögur um breytingar til að auka skilvirkni og til að auka tekjur ríkissjóðs. Í skýrslunni segir að skattar og gjöld sem eru lögð á fasteignaviðskipti hindri hagkvæma ráðstöfun fjármagns og er í því skyni sérstaklega vísað til stimpilgjalda. Að auki geti slík gjöld verið ósanngjörn og nauðsyn þess að fjárfesta í fasteign (t.a.m. vegna búferlaflutninga út af atvinnumöguleikum) tengist oft ekki tekjum eða eignum kaupanda. Tæpu ári eftir útkomu fyrri skýrslu AGS var ný skýrsla lögð fram hjá AGS í maí 2011 undir heitinu *Advancing Tax Reform and the Taxation of Natural Resources*. Í báðum skýrslum AGS er lítillega fjallað um stimpilgjald en meginniðurstöður lúta að því að stimpilgjald vegna fasteignaviðskipta verði lækkað eða fellt niður þegar aðstæður í ríkisfjármálum leyfa það.

5 Mögulegar efnisbreytingar á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald

5.1 Heildarafnám stimpilgjalds

Árið 2012 námu tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum 3,4 ma.kr. Áætlanir fjárlaga gera ráð fyrir tekjum að fjárhæð 4,1 ma.kr. árið 2013. Yrðu stimpilgjöld í núverandi mynd lögð niður í heild má reikna með tekjutapi upp á ríflega 4 ma.kr. á ári.

5.1.1 Afnám stimpilgjalds af láns skjölum

Til láns skjala samkvæmt nógildandi stimpilgjaldslögum flokkast skuldabréf, tryggingarbréf, afurðalán, víxlar, samþykktar ávísanir og skilmálabreytingar. Stimpilgjald af slíkum skjölum skilaði 2,07 ma.kr. í ríkissjóðs árið 2012 og 1,72 ma.kr. árið 2011. Reikna má með tekjutapi á bilinu 1,7-2,2 ma.kr. á ári ef stimpilgjald á láns skjöl verður afnumið án þess að til hækkunar á öðrum gjaldaliðum komi.

I. Samkvæmt 24. og 27. gr. nógildandi stimpilgjaldslaga er *greitt stimpilgjald*, þó mishátt, af eftirfarandi láns skjölum:

1. Skuldabréfum
2. Tryggingarbréfum
3. Afurðarlánnum
4. Víxlum
5. Samþykktum ávísunum, að tékkum undanskildum

II. Samkvæmt 24. gr. a.-d. nógildandi stimpilgjaldslaga er stimpilgjald *undanþegið* af eftirfarandi láns skjölum:

1. Skilmálabreytingum á fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga, að því tilskildu að sömu aðilar séu að fasteignaveðskuldabréfinu og hinu nýja skjali.
2. Fasteignaveðskuldabréfum einstaklinga þegar það er endurnýjað með nýju fasteignaveðskuldabréfi sem kemur í stað þess eldra að hluta eða öllu leyti.
3. Skjöl sem fela í sér skilmálabreytingar á bílalánnum einstaklinga, að því tilskildu að sömu aðilar séu að bílaláninu og hinu nýja skjali.
4. Bílalánnum einstaklinga þegar það er endurnýjað með nýju bílaláni sem kemur í stað þess eldra.

III. Samkvæmt 35. gr. a. nógildandi stimpilgjaldslaga er stimpilgjald *undanþegið* af skuldabréfum og tryggingarbréfum sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til fjármögnunar fyrstu kaupa íbúðarhúsnæðis einstaklings, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Með afnámi stimpilgjalds af láns skjölum er átt við að stimpilgjald verði afnumið *með öllu* af láns skjölum.

5.1.2 Afnám stimpilgjalds af skjölum er varða eignaryfirfærslu

Stimpilgjald af skjölum er varða eignaryfirfærslu fasteigna eða skipa yfir 5 brúttótonnum skilaði 1,15 ma.kr. í ríkissjóð árið 2012 og 1,0 ma.kr. árið 2011. Yrði stimpilgjald afnumið af þessum gjaldflokki má áætla tekjutap upp á 1-1,5 ma.kr. á ári komi ekki til hækkunar stimpilgjalds á öðrum gjaldaliðum.

5.1.3 Afnám stimpilgjalds af öðrum skjölum

Vátryggingarskjöl: Tekjur stimpilgjalds af vátryggingarskjölum námu 53 m.kr. árið 2013, 40 m.kr. árið 2011 og um 55 m.kr. ár hvert árin 2008-2010. Afnám stimpilgjalds á þessar tegundir skjala yrði óverulegt.

Aðfarargerðir, kyrrsetningargerðir og löggeymsla: Stimpilgjald af aðfarargerðum, kyrrsetningargerðum og löggeymslu skilaði 38 m.kr. árið 2012, 46 m.kr. árið 2011 og

um 53 m.kr. árið 2011. Niðurfelling stimpilgjalds af þessum gerðum hefði lítil áhrif á ríkissjóð.

Kaupmálar: Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi á kaupmála hafa verið á bilinu 2-5 m.kr. á síðustu árum. Niðurfelling gjaldsins á kaupmála hefði mjög lítil áhrif á ríkissjóð.

Hlutabréf, skilríki fyrir eignarhluta í félögum og félagssamingar: Erfitt er að greina tekjur þessara gjaldflokka annað en að tekjur stimpilgjalds af félagssamningum námu um 547 þús. kr. árið 2012 og 744 þús. kr. árið 2011. Þá námu tekjur stimpilgjalds af rafrænum bréfum um 355 þús. kr. árið 2012, 73 þús. kr. árið 2011 og 150 þús. kr. árið 2010. Undir rafræn bréf flokkast að mestu skuldabréfaútgáfur og hlutabréf en þar sem stimpilgjald af skuldabréfaútgáfum nam um 350 þús. kr. árið 2012 er unnt að áætla að sama og engar stimpilgjaldstekjur séu að innheimtast vegna hlutabréfa. Ekki er heldur unnt að áætla hvað tekjur stimpilgjalds af skilríkjum fyrir eignarhluta í félögum nema annað en að þær munu vera óverulegar.

Skjöl er varða leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjöl um veiðiréttindi og skjöl sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign: Tekjur stimpilgjalds af þessum skjölum hafa ekki verið skráðar undir sérstökum formerkjum í tekjubókhaldskerfi ríkisins fyrr en undir lok árs 2012. Þannig er ekki unnt að styðjast við neinar áreiðanlegar tölur þegar kemur að tekjum þessa gjaldflokks.

5.2 Afnáam stimpilgjalds af lánskjöllum o.fl. og áhrif á tekjur

Tekjur stimpilgjalds af váttryggingarskjöllum, kaupmálum, aðfarargerðum, kyrrsetningargerðum og löggeymslu eru óverulegar og nema þær um 3% heildartekna stimpilgjalds á ársgrundvelli.

Tekjur stimpilgjalds árið 2012 námu alls 3,353 ma.kr. en 2,9 m.kr. árið 2011. Frá árinu 2004 til ársins 2012 hafa heildartekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi alls numið um 50 ma.kr. Tekjurnar náðu hámarki árið 2007 í 9,3 ma.kr. en lækkuðu ört í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og hafa legið á bilinu 2,7-3,2 ma.kr. á ári síðastliðin fjögur ár.

Ástæða lækkunar tekna frá árinu 2009 má ekki eingöngu rekja beint til efnahagsáfallsins, sem varð haustið 2008, heldur einnig til þess að aukið var við undanþágur frá greiðslu stimpilgjalds í gildandi lögum. Frá sumrinu 2008 var ekkert stimpilgjald lagt á veðskuldabréf, sem gefin voru út vegna fyrstu kaupa einstaklings á íbúðarhúsnæði, og frá nóvember 2008 var ekkert stimpilgjald lagt á vegna skilmálabreytingar á fasteignaveðlánum einstaklinga, lán til endurfjármögnunar fasteignaveðlána. Í desember 2009 voru skjöl er varða endurfjármögnun bílalána einstaklinga undanþegin stimpilgjaldi.

Í áætlun fjárlaga 2013 eru tekjur af stimpilgjöldum áætlaðar 4,1 ma.kr. og endurspeglar sú áætlun m.a. hagfelldari þróun í þeim efnahagsstærðum sem hafa áhrif á tekjur af stimpilgjöldum, einkum fjárfestingu í íbúðarhúsnæði og fasteignaverði. Engu að síður er mögulegt að áætlunin verði endurskoðuð til lækkunar í aðdraganda fjárukalaga fyrir árið 2013.

Miðað við heildartekjur stimpilgjalds árið 2012, sem voru 3,353 ma.kr., þá nam stimpilgjald af lánskjöllum um 62% heildartekna ríkissjóðs af stimpilgjöldum og um 59% árið 2011. Má því áætla að tekjur stimpilgjalds af lánskjöllum nemi að meðaltali um 60% af heildartekjum ríkissjóðs af stimpilgjaldi. Stimpilgjald af skjöllum er varða eignaryfirfærslur námu um 34% af heildartekjum ríkissjóðs af stimpilgjaldi árið 2012 og um 35% árið 2011. Þannig má áætla að tekjur af stimpilgjöldum er varða eignaryfirfærslur nemi árlega að meðaltali 35% af heildartekjum ríkissjóðs af stimpilgjöldum.

Til að halda óbreyttum tekjum af stimpilgjöldum, miðað við innheimtuna eins og hún var árin 2011 og 2012, þyrfti að þrefalda stimpilgjald af skjöllum er varða eignaryfirfærslur ef stimpilgjald verður afnumið af lánskjöllum. Gjaldið þyrfti samkvæmt þessu að hækka úr 0,4% upp í 1,2% en svo mikil hækkun er líkleg til að hafa áhrif á stofn gjaldsins, þ.e. fjölda þeirra skjala er kveða á um eignaryfirfærslur. Samkvæmt starfshópnum þyrfti að fara aðrar leiðir en þá að þrefalda stimpilgjald af skjöllum er varða eignaryfirfærslur.

Á árinu 2012 var gjaldstofn til útreiknings stimpilgjalds af verðmæti eignaryfirfærslna fasteigna eða skipa yfir 5 brúttótonnum alls 288 ma.kr.⁷ Hlutfall stimpilgjalds samkvæmt gildandi lögum er 0,4% á skjöl er varða eignaryfirfærslur og námu heildargreiðslur stimpilgjalds þessa gjaldflokks 1,151 ma.kr. árið 2012. Þar af greiddu lögaðilar 0,496 ma.kr. í stimpilgjald og einstaklingar 0,655 ma.kr. Í *töflu II* eru sýndar mögulegar breytingar á álagningu gjaldsins af skjöllum er varða eignaryfirfærslur og hvað slíkar breytingar myndu skila í tekjur umfram það sem tekjur stimpilgjalds af eignaryfirfærslum námu árið 2012 ásamt því að hvað heildartekjur af þessum gjaldstofni næmu.

Tafla VI. Mögulegar breytingar á hlutfalli stimpilgjalds á skjöl er varða eignaryfirfærslur.

	Gjaldhlutfall	Áhrif á tekjur í kr.	Heildartekjur m.v.tekjur 2012
Lögaðilar	1,0%	744.823.488	
Einstaklingar	0,5%	163.848.490	
Alls		908.671.978	2.060.614.930
Lögaðilar	0,8%	496.548.992	
Einstaklingar	0,8%	655.393.960	
Alls		1.151.942.952	2.303.885.905
Lögaðilar	1,2%	993.097.984	
Einstaklingar	0,6%	327.696.980	
Alls		1.320.794.964	2.472.737.916

⁷ Í töflu II er við útreikning stuðst við tölur ársins 2012 en heildargjaldstofn stimpilgjalds af skjöllum er varða eignaryfirfærslu nam 287.985.738.063 kr. Lögaðilar voru kaupendur eigna að samtals fjárhæð kr. 124.137.247.993 og einstaklingar samtals að fjárhæð kr. 163.848.490.070.

Lögaðilar	1,0%	744.823.488	
Einstaklingar	1,0%	983.090.940	
Alls		1.727.914.428	2.879.857.381
Lögaðilar	1,6%	1.489.646.976	
Einstaklingar	0,8%	655.393.960	
Alls		2.145.040.936	3.296.983.888
Lögaðilar	1,2%	993.097.984	
Einstaklingar	1,2%	1.310.787.921	
Alls		2.303.885.905	3.455.828.857

6 Helstu niðurstöður og tillögur

6.1 Almennt

Eins og fram hefur komið er markmiðið með starfi starfshópsins, skipunarbréfi ráðherra, dags. 3. júní 2013, að einfalda álagningu stimpilgjalds og framkvæmd þess ásamt því að skapa samkeppnishæfara umhverfi og sanngjarnari gjaldtöku án skerðingar tekna ríkissjóðs. Við vinnu starfshópsins hefur hópurinn einnig haft til hliðsjónar af þingsályktun um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna sem samþykkt var á Alþingi 28. júní 2013. Þar ályktaði Alþingi að endurskoða bæri stimpilgjöld af lánskjöllum og stefna skyldi að afnámi stimpilgjalda vegna kaupa einstaklinga á húsnæði til eigin nota. Starfshópurinn hefur skoðað til hlítar nógildandi lög um stimpilgjald, framkvæmd þeirra, hvernig innheimtu gjaldsins er háttað, hvaða gjaldstofnar vege mest, eru ósanngjarnir eða eðlilegir og hvaða gjaldflokkar skila óverulegum tekjum í ríkissjóð. Eftir þessa skoðun hefur hópurinn komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé raunhæft að afnema stimpilgjald í heild sinni þar sem gjaldheimtan skilar um 3,35 ma.kr. tekjum í ríkissjóð miðað við innheimtu árið 2012. Þess í stað hefur hópurinn skoðað ítarlega gjaldstofna laganna og hvaða gjaldstofnar teljist vera ósanngjarnir, erfiðir til gjaldheimtu og/eða skila óverulegum tekjum í ríkissjóð.

Hópurinn leggur til að innheimta gjaldsins verði einfölduð þannig að færri gjaldstofnar komi til og fækka undanþágum frá greiðslu gjaldsins. Með hliðsjón af skipunarbréfi ráðherra, dags. 3. júní 2013, þá hefur starfshópurinn komist að þeirri niðurstöðu að best fari á því að *afnema alfarið stimpilgjald af lánskjöllum* þar sem það mun auka mjög samkeppni á fjármálamarkaði og þar með koma lántakendum til góða. Þá hefur hópurinn einnig vegið og metið hvaða önnur skjöl megi undanþiggja lögnum. Telur hópurinn einnig rétt að afnema stimpilgjald af *vátryggingarsamningum, kaupmálum, aðfarargerðum, kyrrsetningargerðum og löggæmslu* þar sem tekjur stimpilgjalds af þeim skjöllum eru óverulegar. Þá er einnig lagt til að *undanþága 2. mgr. 16. gr.*

núgildandi laga⁸ verði afnumin. Undanþágan á rót að rekja til forvera núgildandi laga sem sett voru 1921 en á þeim tímum var viðskiptalíf landsins mun einfaldara að gerð en nú er. Undanþágan hefur á síðustu árum reynst óskýr og erfið í framkvæmd svo að ekki þykir rétt að halda henni inni í lögum.

Núgildandi 2. mgr. 3. gr. laganna, sem fjallar um alþjóðleg viðskiptafélög, hefur ekki lengur raunverulega þýðingu þar sem lög nr. 31/1999, um alþjóðlegu viðskiptafélög, voru felld úr gildi þann 1. janúar 2008 með breytingarlögum nr. 133/2003, um breyting á lögum nr. 31/1999, um alþjóðleg viðskiptafélag, og því engar forsendur fyrir því að hafa sérákvæði um alþjóðleg viðskiptafélög lögnum. Þá telur hópurinn að ákvæði 4. gr. laganna, er kveður á um að ef skjal falli ekki undir ákvæði 3. gr., sem kveður á um stimpilskyldu skjala, þá sé það engu síður stimpilskytt samkvæmt lögnum ef allir aðilar þess eru heimilisfastir hér á landi, hafi ekki raunverulega þýðingu og er því lagt til að ákvæðið verði fellt á brott.

Hópurinn leggur til þá grundvallarbreytingu að skjöl verði ekki stimpluð til staðfestingar á greiðslu heldur nægi sérstök greiðslukvittun þar um. Í þessu skyni telur hópurinn orðið stimpilskylda vera úrelt og er því lagt til að orðið gjaldskylda komi í staðinn. Gjaldskytt skjal verður þannig grundvöllur stimpilgjalds og sé skjal gjaldskytt þá skal greiða af því stimpilgjald í samræmi við ákvæði laganna. Ekki er talin ástæða til að breyta heiti gjaldsins eða laganna, þ.e. stimpilgjald, þar sem það hefur sögulega merkingu bæði á innlendum og erlendum grunni (*e. stamp duty*). Ef áhugi er fyrir hendi að breyta heiti gjaldsins þá væri nærtækast að nefna það skráningargjald líkt og Danir gera.

Þá leggurinn hópurinn til að gerð verði breyting á innheimtu stimpilgjalds af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og félagssamningum þannig að gjaldskyldan verði ekki á eignarheimildum eins og hlutabréfum eða hlutdeildarskírteinum heldur aðeins verði innheimt 0,5% stimpilgjald af skjölum er varða tilkynningar um hlutafé, stofnfé og hækkun þess fjár í viðkomandi félagi. Ástæða þessarar breytingar er sú litlar sem engar tekjur af stimpilgjaldi innheimtast af þessum eignarheimildum, þrátt fyrir lagaskyldu þar um, og þykir hópnum ljóst að við framkvæmd gildandi laga hefur lítið sem ekkert eftirlit verið með því að stimpilgjald sé greitt vegna þessara gjaldflokka, sbr. *töflu I* um innheimtu stimpilgjalds árið 2012. Þannig hefur það að mestu verið undir handhöfum viðkomandi eignarheimilda komið hvort þeir hafi greitt stimpilgjaldið eða ekki. Stimpilgjald af framangreindum eignarheimildum félaga er samkvæmt núgildandi lögum á bilinu 0,5 til 2%, allt eftir félagsformi. Starfshópurinn telur engin rök vera fyrir því að mismuna félögum eftir félagsformi og leggur því til að innheimt verði 0,5% stimpilgjald af öllum félögum óháð félagsformi. Að mati hópsins er eina leiðin til að samræma framkvæmdina og tryggja þar með jafnræði milli þessara aðila að við opinbera skráningu hlutafjár eða stofnfjár í félögum eða tilkynningu um hækkun þess

⁸ Ákvæði 2. mgr. 16. gr. gildandi laga kveður á um að þegar fasteign eða skip er úthlutað félagsmanni í hlutafélagi eða sameignarfélagi og eigandinn gerist eignaraðili að félaginu eða eykur eignarhlut sinn í því lækki stimpilgjaldið í hlutfalli við eignarhluta hans í félaginu.

fjár skuli greiða stimpilgjald. Þannig verði sýslumanni eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra gert óheimilt að taka tilkynningar um hlutafé, stofnfé eða hækkun þess fjár til skráningar nema að því undanskildu að búið sé að greiða stimpilgjald af því skjali sem kveður á um framangreindar tilkynningar.

Þar sem tillögur hópsins lúta að afnámi stimpilgjalds af lánskjöllum þá standa eftir þau skjöl sem varða eignaryfifærslur á fasteign eða skipi, leigusamninga um jarðir og lóðir, heimildarskjöl um veiðiréttindi og skjöl sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign, hlutabréf, skilríki fyrir eignarhlut í félögum með takmarkaða ábyrg og félagssamninga félaga með ótakmarkaðri ábyrgð. Með vísan til framangreinds telur hópurinn ekki ástæðu til að hreyfa við þessum gjaldflokkum að öðru leyti en að breyta innheimtu stimpilgjalds af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og félagssamningum og hlutfalli stimpilgjalds vegna eignaryfifærslna. Stærsta breytingin sem hópurinn leggur til er að hækka stimpilgjald vegna eignarheimilda um 0,1% þegar kaupandi eignar er einstaklingur og um 0,6% þegar kaupandi er lögaðili. Þannig næmi stimpilgjaldið 0,5% af verðmæti fasteignar eða skips þegar kaupandi væri einstaklingur en 1% þegar kaupandinn væri lögaðili. Miðað við tekjur stimpilgjalds síðust ára, af skjöllum er varða eignaryfifærslur, er áætlað tekjur stimpilgjalds af þessum skjöllum nemi um 2,1 ma.kr. Ótækt er að leiða í ljós hvað tekjur af innheimtu skjala er varða tilkynningar um hlutafé, stofnfé og hækkun þess fjár í félagi myndu gefa en ætla verður, ef tillögur hópsins verða að lögum, að tekjur vegna þessa gjaldflokks verði a.m.k. ekki lægri en hefur verið síðustu ár. Þá er heldur ekki unnt að henda reiður á það hve mikið tekjur stimpilgjalds af leigusamningum um jarðir og lóðir, heimildarskjöl um veiðiréttindi og skjöl sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annara eign, nema þar sem umræddur gjaldflokkur er ekki skráður undir sérstöku heiti í tekjubókhaldskerfi ríkisins. Óskilgreindar tekjur ríkissjóðs af stimpilgjaldi námu 47 m.kr. árið 2012, 88 m.kr. árið 2011 og 224 m.kr. árið 2010. Miklar sveiflur eru á þessum tölum milli ára og er því varlega áætlað að þessi gjaldflokkur skili að meðaltali um 60-90 m.kr. á ári.

6.1.1 Nánar um stimpilgjald af skjöllum er varða eignaryfifærslur

Með vísan til 4. kafla skýrslunnar, um erlendan rétt, þá er hækkun úr 0,4% í 0,5% stimpilgjald í tilvikum einstaklinga og úr 0,4% í 1% í tilviki lögaðila, þegar skjöl varða eignaryfifærslur, ekki mikil í samanburði við önnur ríki. Yrði hækkunin að lögum þá væri Ísland enn meðal þeirra ríkja sem innheimta hvað lægst stimpilgjald vegna eignaryfifærslna, m.a. sbr. mynd III í 4. kafla.

Tillögur starfshópsins kveða á um, eftir sem áður, að stimpilgjald af lánskjöllum verði með öllu afnumið. Þá verði einnig afnumið stimpilgjald af þeim skjöllum er varða váttryggingarsamninga, kaupmála, aðfarargerðir, kyrrsetningargerðir og löggeymslu. Á árinu 2012 gáfu stimpilgjöld af lánskjöllum alls 2,07 ma.kr. og stimpilgjöld af váttryggingarsamningum, kaupmálum, aðfarargerðum, kyrrsetningargerðum og löggeymslu alls 0,094 ma.kr. eða samtals 2,164 ma.kr. Árið 2011 námu tekjur stimpilgjalds af þessum flokkum alls 1,81 ma.kr. eða 1,72 ma.kr. fyrir lánskjöl og 0,090 ma.kr. fyrir váttryggingarsamninga, kaupmála, aðfarargerðir, kyrrsetningargerðir og löggeymslu. Stimpilgjald af skjöllum er varða eignaryfifærslur námu alls 1,152

ma.kr. árið 2012 og 1,007 ma.kr. árið 2011. Tekjur af stimpilgjaldi vegna annarra gjaldflokka en lánskjala og skjala er varða eignaryfurfærslur eru því óverulegar í samanburði við heildartekjur ríkissjóðs af innheimtu stimpilgjalds.

Miðað við nógildandi stimpilgjaldslög þá er innheimt 1,5% stimpilgjald, eða 15 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs, af skulda- og tryggingarbréfum, sem tryggð eru með veði eða ábyrgð, en 0,5% stimpilgjald, eða 5 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð bréfs, vegna annarra skulda- og tryggingarbréfa. Þá er einnig innheimt stimpilgjald vegna eignaryfurfærslunnar og nemur gjaldið eins og fyrr segir 0,4% af verði eignarinnar, eða 4 kr. fyrir hvert byrjað þúsund af verði eignarinnar.

Tafla III gefur skýra mynd af því hvað kaupandi eignar, einstaklingur eða lögaðili, er að greiða í stimpilgjald miðað við nógildandi lög þegar hann kaupir fasteign. Hér er gefið raunhæft dæmi þegar keypt er eign upp að 20 m.kr., 50 m.kr. og 100 m.kr. og tekið er annað hvort 80% eða 40% fasteignaveðlán til fjármögnunar á kaupunum. Þá er alltaf greitt 0,4% stimpilgjald vegna eignaryfurfærslunnar samkvæmt gildandi lögum og leggst sá kostnaður til viðbótar við það stimpilgjald sem greitt er vegna fasteignaveðlánsins.

Tafla V. Stimpilgjald á fasteignaveðlán og skjöl er varða eignaryfurfærslur samkvæmt gildandi lögum.

Kaupverð eignar:	20.000.000 kr.	50.000.000 kr.	100.000.000 kr.
0,4% stimpilgjald vegna eignaryfurfærslunnar:	80.000 kr.	200.000 kr.	400.000 kr.
80% fasteignaveðlán sem ber 1,5% stimpilgjald:	240.000 kr.	600.000 kr.	1.200.000 kr.
<i>Alls:</i>	320.000 kr.	800.000 kr.	1.600.000 kr.
40% fasteignaveðlán sem ber 1,5% stimpilgjald:	120.000 kr.	300.000 kr.	600.000 kr.
<i>Alls:</i>	200.000 kr.	500.000 kr.	1.000.000 kr.

Tafla VI sýnir tillögur starfshópsins og hvað einstaklingar eða lögaðilar myndu greiða í stimpilgjald yrðu tillögur hópsins að lögum.

Tafla VI. Tillögur um breytingar hlutfall stimpilgjalds.

Kaupverð eignar:	20.000.000 kr.	50.000.000 kr.	100.000.000 kr.
Einstaklingar, 0,5%:	100.000 kr.	250.000 kr.	500.000 kr.
Lögaðilar, 1%:	200.000 kr.	500.000 kr.	1.000.000 kr.

Í samræmi við ofangreint myndi einstaklingur sem kaupir fasteign á 20 m.kr. og tæki 16 m.kr. fasteignaveðlán til að fjármagna kaupin greiða alls 80.000 kr. í stimpilgjald vegna eignaryfurfærslunnar en 240.000 kr. í stimpilgjald vegna veðskuldabréfsins samkvæmt nógildandi lögum. Alls næmi greiðsla kaupanda eignarinnar því 320.000 kr. Verði tillögur starfshópsins að lögum þá myndi kaupandinn við þessar aðstæður greiða einungis 0,5% stimpilgjald vegna eignaryfurfærslunnar eða alls kr. 100.000. Þannig greiðir kaupandinn 220.000 kr. minna en nógildandi lög kveða á um. Taki kaupandi eignar ekki lán til fjármögnunar kaupanna þá greiðir hann 0,1% herra stimpilgjald en hann hefði ella þurft að greiða samkvæmt nógildandi lögum.

Þegar kaupandinn er lögaðili þá myndi kostnaður stimpilgjalds vegna kaupanna vera lægri eða jafn þeim kostnaði sem núgildandi lög kveða á um ef lögaðilinn tekur 40%, eða hlutfallslega hærra, fasteignaveðlán til fjármögnunar kaupanna. Ákveði lögaðilinn að taka minna en 40% lán til að fjármagna kaupin, eða taki hann ekkert lán, þá borgar hann hlutfallslega meira stimpilgjald samkvæmt tillögum hópsins heldur en núgildandi lög kveða á um.

Miðað við framangreint ættu kaupendur fasteigna, sem jafnframt fjármagna kaupin með fasteignaveðlánunum, að hafa hag af þeirri breytingu sem hópurinn leggur til þar sem lántakandi sem einstaklingur greiðir aðeins 0,5% stimpilgjald vegna eignaryfirfærslunnar en ekki 1,5% stimpilgjald af skuldabréfinu, sem tekið er til að kaupa á eigninni, til viðbótar. Sé kaupandinn lögaðili þá greiðir hann lægra stimpilgjald heldur en núgildandi lög kveða á um taki hann a.m.k. 40% fasteignaveðlán fyrir kaupunum.

Með ályktun Alþingis þann 28. júní 2013 var ríkisstjórninni falið að fylgja eftir aðgerðaáætlun í tíu liðum til þess að taka á skuldavanda heimila á landinu. Einn þessara liða fjallaði um stimpilgjald. Í ljósi þessa þykir starfshópnum rétt að koma til móts við heimilin í landinu þannig að kostnaður við kaup á fasteign minnki hlutfallslega meira hjá einstaklingum heldur en lögaðilum verði tillögur starfshópsins að lögum.

6.2 Frekari tillögur til breytinga ásamt skýringum

Starfshópurinn leggur til að ýmsar breytingar verði gerðar á núgildandi lögum, s.s. á því hvernig framkvæmd innheimtu er háttað, hugtakanotkun, tímamarki endurgreiðslu, kærueimild, fyrningarreglum, hvernig eftirliti er háttað o.fl.

▪ Stimpilskylda verður að gjaldskyldu

Í núgildandi lögum er talað um *stimpilskyldu* skjala en með því er átt við að skylt er að greiða stimpilgjald vegna skjalsins og stimpla það sem sönnun fyrir greiðslu. Sé skjal stimpilskylt samkvæmt lögnum ber að greiða af því stimpilgjald eftir efni þess og samkvæmt ákvæðum III. kafla laganna. Tillaga hópsins er að orðið stimpilskylda víki fyrir orðinu *gjaldskylda*. Í stað þess að talað verði um stimpilskyld skjöl eða að skjal sé stimpilskylt þá er lagt til að skjöl séu gjaldskyld eða að skjalið sé gjaldskylt þannig að skylda sé að greiða af því stimpilgjald. Slík breyting rímar vel við þá tillögu hópsins að afnema ástimplun skjala með stimpilmerkjavél eða álímingu stimpilmerkis á skjöl.

▪ Stimplun skjala og greiðslukvittun

Stimplun skjala er samkvæmt núgildandi lögum sönnun fyrir greiðslu stimpilgjalds. Starfshópurinn leggur til að afnema ástimplun skjala með stimpilmerkjavél ásamt þeirri framkvæmd að líma stimpilmerki á skjal. Myndi greiðslukvittun því nægja sem staðfesting greiðslu stimpilgjalds en ekki ástimplun stimpilmerkjavélar eða líma þar til gerð stimpilmerki á skjöl líkt og núgildandi lög kveða á um. Í samræmi við þróun síðustu ára þar sem mörg þau skjöl er falla undir ákvæði gildandi laga eru rafræn þá þykir rétt að falla frá ástimplun skjala. Samkvæmt gildandi lögum er stimpilgjaldskylda ekki eingöngu bundin við *áþreifanleg skjöl* (þ.e. pappírsskjöl) heldur nær hún einnig til

óáþreifanlegra skjala (rafrænna skjala) þó ekki sé unnt að stimpla þau líkt og pappírsskjölin. Þannig er lagt til að lögformleg greiðslukvittun frá sýslumanni nægi til sönnunar um að greiðsla stimpilgjalds hafi farið fram. Innheimta er nú til dags skráð rafrænt í tölvukerfi innheimtaðila og liggja upplýsingar um greiðslu stimpilgjalds einstakra aðila fyrir í gagnagrunni sýslumannsembættanna. Þar af leiðandi er auðvelt að nálgast upplýsingar, bæði af hálfu gjaldanda og sýslumanna, um það hvenær greiðsla gjaldsins fór fram, hversu hárrí fjárhæð gjaldið nam o.s.frv. Glati gjaldandi frumriti greiðslukvittunar þá er unnt að nálgast endurrit kvittunar hjá sýslumanni. Komi til endurgreiðslu vegna ofgreidds stimpilgjalds þá skal gefin út ný greiðslukvittun er kveður á um endurgreiðsluna. Upplýsingar um endurgreiðsluna eru aðgengilegar sýslumanni í gegnum tölvukerfi embættisins og því ætti ekki að vera hætt á því að gjaldandi fái endurgreitt margsinnis.

▪ **Innheimta stimpilgjalds**

Lagt er til að *sýslumaður* fari með innheimtu stimpilgjalds en samkvæmt nógildandi lögum fara sýslumenn með innheimtu gjaldsins ásamt því að bönkum og sparisjóðum er skylt að innheimta stimpilgjald og stimpla skjöl sem um hendur þeirra fara. Þá er einnig heimilt samkvæmt nógildandi lögum heimilt að veita einstökum mönnum, félögum eða stofnunum rétt til stimplunar skjala að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Starfshópurinn leggur til að sýslumaður fari einn með innheimtu gjaldsins svo samræmis sé gætt við innheimtuna ásamt því að óraunhæft er að skylda banka og sparisjóði til að innheimta gjaldið þar sem stimpilgjald af lánskjöllum er með öllu afnumið samkvæmt efni frumvarpsins.

▪ **Orðnotkun um útreikning stimpilgjalds**

Til einföldunar leggur starfshópurinn til að í stað þess að tala um ákveðna krónutölu fyrir hvert byrjað þúsund af fjárhæð viðkomandi eignar eða bréfs sé talað um hlutfall, þ.e. prósentutölu. Að tala um krónutölur og námunda þær upp í næsta þúsund var viðeigandi þegar nógildandi lög voru lögfest en ekki lengur. Þess í stað er lagt til að talað sé um prósentu sem hlutfall af fjárhæð þess skjals sem stimpilgjaldið varðar. Jafnframt er lagt til að vikið verði frá orðanotkuninni að skjal sé sagt vera stimpilfrjálst og talað um að skjal sé undanþegið stimpilgjaldi í þeim tilvikum þegar skjal er stimpilfrjálst samkvæmt nógildandi lögum.

▪ **Endurgreiðsla ofgreidds stimpilgjalds**

Hópurinn leggur til að tímamark heimildar til endurgreiðslu ofgreidds stimpilgjalds verði lengt úr tveimur árum í fjögur ár en slíkt er í samræmi við lög nr. 29/1995, um ofgreidda skatta og gjöld. Þá er lagt til að ráðuneytið geti falið tilteknu embætti sýslumanns um framkvæmd endurgreiðslunnar svo samræmis og jafnræðis sé gætt við endurgreiðsluna.

▪ **Endurákvörðun gjaldsins**

Samkvæmt nógildandi lögum fellur krafa um stimpilgjald niður eftir að fimm ár eru liðin frá upphaflegri ákvörðun gjaldsins en liggja sökin hjá sýslumanni fyrir ranglega innheimtu stimpilgjaldi þá fellur krafan niður að fjórum árum liðnum. Lagt er til að

fyrning kröfu um stimpilgjald verði í samræmi við 97. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Þannig hefur sýslumaður heimild til að endurávarða stimpilgjald sex ár aftur í tímann en tvö ár aftur í tímann hafi fullnægjandi upplýsingar af hálfu gjaldanda legið til grundvallar þegar upphafleg ákvörðun um gjaldið var tekin.

▪ **Kæruheimild**

Lagt er til að ákvæði um kæruheimild til ráðuneytisins verði gert skýrara og lögfest sérstakt ákvæði þar um. Samkvæmt núgildandi lögum þá er að finna heimild til að kæra ákvörðun um stimpilgjald til ráðuneytisins innan tveggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin. Hópurinn telur rétt að lengja kærufrestinn í þrjá mánuði en slíkt er í samræmi við kæruheimildir annarra skattalaga, sbr. m.a. 5. gr. laga nr. 30/1992, um yfirsattanefnd, og er einnig lagt til að ákvæðið verði gert skýrara þannig að kærandi hafi leiðbeiningar um hvernig kærinni skal háttað, hvaða atriði þurfa að koma fram ásamt því hvaða gögn skulu fylgja kærinni.

▪ **Refsing**

Í núgildandi lögum er að finna refsíákvæði en tillögur hópsins lúta að því að það sé gert skýrara og samræmt öðrum refsíákvæðum skattalaga þannig að skilyrði um skýrleika refsíheimilda sé virt. Var sérstaklega litið til 13. gr. laga nr. 165/2011, um fjársýsluskatt, sbr. einnig 109. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem hefur að geyma ítarlega reglur um refsingu vegna brota á lögnum. Lagt er til að ákvæði sambærilegt ákvæði laga um fjársýsluskatt verði lögfest.

▪ **Reglugerðarheimild**

Hópurinn telur rétt að halda þeim möguleika opnum fyrir ráðherra að setja reglugerð um frekari framkvæmd stimpilgjaldslaganna, m.a. um að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra innheimti stimpilgjald í þeim tilvikum þegar hlutafé eða stofnfé eða tilkynning um hækkun þess er skráð opinberri skráningu sem og að ráðherra geti sett frekari skilyrði fyrir greiðslukvittunum.

▪ **Eftirlit**

Lagt er til að eftirlit með framkvæmd laganna fari til Ríkisendurskoðunar sem sé skylt að fara með eftirlitið og að kæra þau brot sem stofnunin verður áskynja um. Þá skal sýslumönnum vera skylt að hafa nákvæmar gætur á því að stimpilgjaldslögin séu haldin og kæra brot sem þeir verða áskynja um.

6.3 Samantekt

- Að stimpilgjald af lánsskjölum verði með öllu afnumið ásamt skjölum er varða váttryggingarsamninga, kaupmála, aðfarargerðir, kyrrsetningargerðir og löggeymslu.
- Að hlutfall stimpilgjalds á skjöl er varða eignaryfirfærslur fasteigna og skipa yfir 5 brúttótonnum hækki um 0,1% þegar kaupandi eignar er einstaklingur en um 0,6% þegar kaupandi er lögaðili. Þannig myndi gjaldið nema 0,5% hjá einstaklingum en 1% hjá lögaðilum.

- Að greitt verði 0,5% stimpilgjald af skjölum er varða tilkynningar um hlutafé, stofnfé og hækkun þess fjár í félagi og að fallið verði frá núgildandi ákvæðum laga er kveða á um stimpilgjald af eignarheimildum hlutabréfa o.fl.
- Að innheimta gjaldsins verði einfölduð þannig að sýslumaður fari einn með innheimtuna.
- Að fallið verði frá ástimplun stimpilmerkjavélar eða á álímingu stimpilmerkis sem sönnun fyrir greiðslu gjaldsins. Í staðinn er lagt til að greiðslukvittun nægi sem sönnun þess að greiðsla gjaldsins hafi farið fram.
- Að kærheimild til ráðuneytisins verði gerð skýrari sem og ákvæði um refsiviðurlög við brotum á lögum. Einnig er lagt til að sérstök heimild verði lögfest svo ráðherra geti í reglugerð kveðið á um frekari framkvæmd laganna.
- Að eftirlit með lögum sé í höndum Ríkisendurskoðunar.

7 Viðauki I – Sundurliðun á tekjum ríkissjóðs af stimpilgjöldum

Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR)	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Stimplun félagssamnings	74,800	29,304	128,500	82,800	55,450	196,380	956,880	743,970	547,880
Stimplun kaupmála	771,652	924,583	1,395,276	985,172	4,237,792	4,702,426	3,418,938	3,344,802	1,229,422
Endurgreitt stimpilgjald							140,208,934	-959,185	
Stimpilgjald, staðgreitt	893,800,376	519,216,495	489,671,851	420,994,731	193,750,025	52,319,850	224,320,499	87,708,923	46,950,630
Stimpilmerki	15,932	61,664	740	75,000					1,500
Stimpilgjald, endurgreitt	-36,389,798	-5,093,319	-10,223,600	-7,183,696	-1,812,088	-355,426	-531,212	-251,746	-178,385
Stimpilgjald af rafrænum bréfum	171,528,509	257,602,718	403,538,080	502,869,915	303,388,097	358,060,385	155,351,425	73,316,767	355,452,687
Samtals TBR	1,029,801,471	772,741,445	884,510,847	917,823,922	499,619,276	414,923,615	243,307,596	163,903,531	404,003,734
Þinglýsingarkerfi, sendingar til TBR									
Eignarheimildir	644,041,401	1,069,404,195	1,113,389,624	1,532,764,127	926,906,144	699,191,755	800,630,853	1,006,833,492	1,151,942,952
Veðskuldabréf	2,853,334,319	5,108,196,147	3,030,795,054	3,655,203,010	2,094,986,305	868,578,720	751,300,967	942,567,513	1,105,562,723
Tryggingabréf	293,077,490	757,983,935	827,543,205	1,370,430,015	1,319,588,050	530,291,295	442,045,195	504,214,370	396,199,885
Afurðarlán	900	0	0	0	190,044	0	2,917,639	624,969	8,171,150
Aðfarargerðir	54,895,125	50,487,885	58,067,790	84,402,360	95,317,200	96,382,200	53,660,325	45,827,955	38,159,475
Kaupmáli	695,142	1,026,318	943,322	865,446	3,384,276	4,413,478	2,157,702	1,580,108	1,168,222
Leigusamningar	-2,580	0	0	0	0	0	0	0	44,000
Skilmálabreytingar	9,092,715	6,055,200	6,948,660	9,929,790	18,334,605	12,426,825	10,512,915	8,042,655	10,621,628
Óskilgreint frá þinglýsingakerfinu	376,827,409	-22,890,884	-16,723,666	-17,448,134	-16,131,391	-21,888,309	-14,404,772	-19,174,242	-18,072,634
Samtals þinglýsingarkerfi	4,231,961,921	6,970,262,796	5,020,963,989	6,636,146,614	4,442,575,233	2,189,395,964	2,048,820,824	2,490,516,820	2,693,797,401
Samtals fjármálafyrirtæki	1,006,447,083	1,255,465,422	1,172,634,489	1,676,354,054	832,243,843	282,734,194	310,531,058	190,356,637	201,860,314
Samtals váttryggingafélag	117,906,308	128,987,977	113,776,619	103,199,151	57,992,880	56,504,116	53,127,978	39,901,686	53,125,643
Tekjur alls	6,386,116,783	9,127,457,640	7,191,885,944	9,333,523,741	5,832,431,232	2,943,557,889	2,655,787,456	2,884,678,674	3,352,787,092

